

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Fossgerði, Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Landnotkun á hluta jarðarinnar Fossgerði, um 59,7 ha, breytist í opið svæði til sérstakra nota í stað iðnaðar- og landbúnaðarsvæðis.
- Ný vegtenging frá svæðinu inn á Borgarfjarðarveg.
- Lega reiðleiðar frá þéttbýlinu á Egilsstöðum meðfram Borgarfjarðarvegi breytist auk þess sem gert er ráð fyrir nýjum reiðleiðum í landi Fossgerðis og nýrri reiðleið frá Borgarfjarðarvegi niður með afleggjara að námum í Mýnesi og þaðan suður með Eyvindará í átt að Egilsstöðum.
- Gert er ráð fyrir nýjum göngu- og hjóleiðastíg austan við Borgarfjarðarveg frá Egilsstöðum og að fyrirhuguðu athafnasvæði hestamanna í Fossgerði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.